

# Þræðir og þrívíð form

Anni Bloch





## *INNGANGSORÐ*

Hin langa saga textílsins hefur alltaf verið mér hugleikin, allt frá því að menn fóru að vinna trefjar, til okkar tíma þegar vélvæðingin hefur yfirtekið allt. Bæði einfaldar og sérhæfðar aðferðir sem menn hafa fundið upp á til að vinna efniviðinn og hagnýta hann. Elsta saumnálin sem hefur fundist er 40 þúsund ára gömul – verkfæri sem hefur ekki breyst mikið í tímans rás.

Þráðurinn heillar mig. Einn þráður er nóg til að sauma saman efnisbúta svo úr verður flík, skreyta yfirborð efnis, og með því að setja marga þræði saman er hægt að búa til nýjan textíl.

Þegar ég vinn með textílskúlptúrana er ég sjaldan búin að mynda mér skoðun fyrirfram um hvað „hluturinn“ á að verða, en meðan á sköpunarferlinu stendur gerist það stundum að „hluturinn“ verður að einhverju kunnuglegu – oftast einhverju sem minnir á náttúruleg form; væntanlega vegna þess að ég er mjög upptekin af loftslagi og umhverfi. Og þegar ég kem auga á hugmynd í hlutnum, þá tek ég stjórnina og ákveð endanlegt form verksins.

Ég vinn mikið með silkiorgansa, efni sem er auðvelt að móta, dálítið stíft og býr yfir gegnsæi sem eykur dýpt formsins. Unnið er í efnið með nál og þræði og það áhugaverða fyrir mig er að kanna hvernig hægt er að nota sporin við að móta verkið. Hvað gerist þegar ég er með efni í höndunum, sauma nokkur spor og toga svo í? Hversu mikið er hægt að móta efnið, og getur þráðurinn ýtt undir sérkenni þess? Það verða til þrívíð form sem geta komið verulega á óvart.

Móðir mín átti mjög slæmar minningar úr handavinnutímum í skólanum – um útsaum sem var ekki nógu vel gerður og þurfti að rekja upp aftur, og um mörg tár sem féllu. Þannig ólst ég upp á útsaumslausu heimili, lærði aldrei að sauma út sem barn og unglingur, og þess vegna hafa mér ekki verið innrættar strangar reglur um hvernig sauma skal út og hvernig útsaumur á að líta út. Ég hef ekki þurft að losa mig undan neinu þegar ég nýti mér nálina í tilraunamennsku. Það hefur örugglega verið kostur í tengslum við útsaums-skúlptúrana.

Við undirbúning þessarar sýningar hef ég notað dálítið önnur efni en ég er vön að gera, eins konar virðingarfött við verk Sigurjóns Ólafssonar og notkun hans á fjölbreyttum efniviði. Það hefur verið öðruvísi og spennandi að sitja með koparþráð og sauma spor án þess að nota nál og þráð.

*Anni Bloch*

## *SKÚLPTÚRAR Í TEXTÍL*

Öll verk á þessari sýningu hefur Anni Bloch unnið í höndunum. Þau eru afrakstur þekkingar hennar, hugmyndaflugs og umhyggju fyrir þeirri veröld sem við lifum í. Þau eru unnin úr efnum sem hún hefur safnað alla ævi og á ferðalögum sínum víða um veröld. En þau hafa einnig ratað til hennar á sínum eigin forsendum, hafa fengið form sem engan óraði fyrir, með tækni sem nál og þráður hafa aldrei áður verið notuð við.

Sem útsaumskona og listamaður leyfir Anni Bloch sér að herða þráðinn og láta hann ná völdum yfir textílnum. Í þessum skúlptúrum sjáum við hana gera tilraunir með hvað hægt er að gera með nál og þræði. Í höndum hennar verður það sem hún hefur tileinkað sér, öll handverksþekkingin, að verkfæri hennar við að brjóta upp form og skapa ný á glæsilegan og hugmyndaríkan hátt.

### *Frelsið skapar eitthvað alveg nýtt*

Sem listamaður býr Anni Bloch yfir frumleika og einstöku formskyni í meðferð þráðar. Ekki margir nota sömu tækni og hún og í verkum hennar birtist nokkuð sem ekki hefur sést áður. Anni Bloch er einstakur þráðlistamaður sem býr einnig yfir miklu þori.

Um verk sín segir hún sjálf „Það veitir mér mikla gleði að upplifa hvað getur gerst ef ég toga aðeins meira í þráðinn en leyft er í klassískum útsaum“.

### *Stundum gerast hlutir af sjálfu sér*

Hlutir verða ekki alltaf eins og maður hafði ímyndað sér. Laskaður handleggur (saumahandleggur) kom í veg fyrir að Anni Bloch gæti notað nál og þráð um skeið. Í staðinn gat hún meðal annars hnýtt hnúta úr 14 metrum af hampi sem hún hafði víðað að sér. Það ýtti undir löngun til að prófa annan efnivið og þannig varð utanaðkomandi atburður kveikja þess að reyna nýjar leiðir í sköpun.

Anni Bloch segir um skúlptúrana: „Þeir er allir búnir til án vitneskju um hvað úr þeim verður. Nú veit ég alveg hvað þeir verða en þegar ég byrjaði var mér það ekki ljóst. Í vinnuferlinu taka mörg verkanna á sig kunnugleg form“.



*Rauðar verur*

### *Undursamleg lífræn form*

Það er eitthvað kunnuglegt við skúlptúra Anni Bloch, væntanlega vegna þess að hún nýtir oft náttúruleg form. Þræðirnir eru í litum náttúrunnar og fyrir utan rauðan lit koparsins er yfir þeim svalur norrænn blær. Með sýningu textíllistakonunnar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar verður til samspil milli hinna fínu þráða hennar og miklu harðari efniviðar Sigurjóns. Hin lífrænu form sameina verkin.

Anni Bloch hefur einnig haft Ísland í huga. Eðja sem kraumar og einhverjir sjá hraun. Sumir skúlptúrarnir taka á sig lífræn form eins og sæfíflar í djúpum hafsins. Hún segir sjálf svo frá: „Á Íslandi, í Stykkishólmi, upplifði ég einu sinni sýningarrými með 24 háum

sívalningum sem höfðu að geyma vatn úr 24 jöklum. Í einum var vatn úr jökli sem nú er horfinn, þannig að vatnið er það eina sem eftir er af jöklinum. Verkið var eftir listakonuna Roni Horn. Kona gekk um og söng íslenskan sálm og var þetta allt óskaplega fallegt. Bylgjaða súlan *Umritun á jökulvatni* varð til með þann stað í huga.“

### *Sjálfbærni skiptir máli*

Náttúran og loftslagið, líffræðilegur fjölbreytileiki og hnattrænt ástand liggur listakonunni á hjarta. Það er henni mikilvægt að nýta efnivið sem er til staðar. Sjálfbærni í vinnu með efniviðinn er leiðarstef í lífsverki Anni Bloch sem útsaumskonu og textíllistamanns.

„Ég eyddi 15 árum í að tileinka mér handverk og kunnáttu um efni og þráð, og núna nota ég jafn mikinn tíma í að reyna að losa mig við eitthvað af þessu“ segir hún.

Skúlptúrinn úr silki, jútu og íslensku hrosshári er unninn úr efniviði sem Anni Bloch keypti fyrir 10 árum. Hún man enn nafnið á konunni sem spann hrosshárið. Hampurinn í *Hnútnum* var keyptur í lítilli götu í Madríd og koparþráðurinn kemur úr verslun fyrir sportveiðimenn.

### *Anni Bloch*

Anni Bloch er menntuð í útsaumi frá Haandarbejdets Fremmes Seminarium í Danmörku. „Sem betur fer er sköpunargleðin enn fyrir hendi. Ég hef alltaf þörf fyrir að vinna og gera aðeins fleiri tilraunir“ segir Anni Bloch. Sem listakona hefur hún með síaukinni forvitni kannað þolmörk handavinnunnar og á undanförunum árum hafa skúlptúrarnir vaknað til lífsins.

Og þeir vekja forvitni áhorfandans. Um fljúgandi hluti í mikilli hæð og undarlega lifnaðarhætti í djúpinu. Við drögumst nær þar sem við viljum sjá hvernig textíllistamanni tekst með örfínnum þræði og þúsundum saumspora að gefa skúlptúrunum svo frumleg form.

*Anton Pihl*

*Safnvörður, Greve Museum, Danmörk*



*Leitandi upp*



**Sigurjón Ólafsson** fæddist á Eyrarbakka 1908. Hann nam við Konunglega listaakademíð í Kaupmannahöfn og dvaldi síðan í Danmörku fram yfir lok síðari heimsstyrjaldarinnar að hann flutti heim og settist að í Laugarnesi, þar sem hann vann að list sinni til æviloka. Í Danmörku var Sigurjón talinn meðal þeirra merkustu listamanna. Hann var einn af brautryðjendum abstraktlistar á Íslandi auk þess að vera einn helsti portrettlistamaður sinnar samtíðar.

Sigurjón lést í Reykjavík 1982. Heimili hans og vinnustofu var síðar breytt og þar er nú *Listasafn Sigurjóns Ólafssonar*, sem hýsir höggmyndir og teikningar listamannsins ásamt heimildum um hann, og þar er miðstöð skráninga og rannsókna á list hans. Í safninu er fjölbreytt tónlistar- og menningarstarf auk sýninga á verkum hans og annarra listamanna.

---

### *Þræðir og þrívíð form*

Sýning á textílverkum dönsku listakonunnar Anni Bloch og skúlptúrum Sigurjóns Ólafssonar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar stendur frá 1. júní – 15. september 2024. Þá er safnið opið alla daga nema mánudaga milli 13 og 17. Sumartónleikaröð safnsins 2024 hefst 2. júlí og stendur til 13. ágúst. Sjá nánar á [www.LSO.is](http://www.LSO.is).

Halldóra Jónsdóttir þýddi texta úr dönsku.

Ljósmynd á forsiðu: *Hvítar verur* eftir Anni Bloch.

Sýningin hefur hlotið styrki frá:

Fondet for Dansk-Islandsk Samarbejde og  
Dansk-Islandsk Fond.



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík  
[www.LSO.is](http://www.LSO.is)